

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 — 1982

10. september 1982.

965

Nr. 540.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

Tollskrárnúmer 33.04.02 falli brott úr 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

1. málsl. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við tollafgreiðslu á vöru sem undanþegin er tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. — 4. gr. tollskrárlaga, þó ekki 6. tl. 3. gr. þegar ákvæðum fríverslunar-samninga er komið til framkvæmda samkvæmt þeirri heimild og annað leiðir ekki af öðrum ákvæðum þessarar málsgreinar, eða heimildum í sérlögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í fyrirmælum ráðuneytisins hverju sinni.

3. gr.

5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 13. gr.

4. gr.

Hafi tollur verið felldur niður eða lækkaður fyrir gildistöku reglugerðar þessarar samkvæmt heimildum þeim sem um ræðir í 2. gr. án þess að sérstakt vörugjald hafi jafnframt verið felld niður sérstaklega samkvæmt beinum fyrirmælum ráðuneytisins, þ. e. með reglugerð, auglýsingu eða ráðuneytisbréfi, skal fella sérstakt vörugjald niður, nema ráðuneytið ákveði annað síðar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. september 1982.

F.h.r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.